

## **Reglur Eignavals Erlent**

### **1. gr.**

#### **Heiti sjóðsins og rekstrarform.**

Nafn sjóðsins er Eignaval Erlent. Kennitala sjóðsins er 591110-9930. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður.

Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi. Grunnmynt sjóðsins er EUR.

### **2. gr.**

#### **Fjárfestingarstefna sjóðsins.**

Markmið Eignaval Erlent er að ávaxta fjármuni hlutdeildarskíteinishafa á virkan hátt með því að nýta sér fjárfestingar í þeim innlendu og erlendu sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem rekstaraðili telur best á hverjum tíma. Eignaval Erlent er blandaður sjóður (e. balanced fund) og hefur því heimild til að fjárfesta í sjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum og hlutabréfum. Sjóðnum er heimilt að festa það fé, sem hann nýtir til fjárfestinga í öðrum sjóðum, að hluta eða öllu leyti í sjóðum Stefnis hf. Sjóðurinn hefur jafnframt heimild til að kaupa einstök skuldabréf og víxla. .

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðan-greindri töflu og 2., 4. og 5. tölul. 59. gr. laga nr. 128/2011, þ.e. aukið svigrúm fjárfestingarsjóða, umfram verðbréfasjóði, til fjárfestinga í einstökum útgefendum og heimild fjárfestingarsjóða til fjárfestinga í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu heldur en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum. Öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. 2. mgr. 59. gr. laganna er m.a. heimilt að fjármagna sig með lántökum og skortsölu. Verðbréfasjóðum er ekki heimilt að fjárfesta í slíkum sjóðum.

Samkvæmt 2. mgr. 59. gr. laganna má heildarfjárfesting í öðrum sjóðum en verðbréfa-/fjárfestingarsjóðum ekki vera meiri en 20%. Auk þess má heildarfjárfesting í einstaka sjóði ekki nema meira en 20%, sbr. 1. mgr. 39. gr. laganna.

Sjóðnum er heimilt skv. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér heimild 5. mgr. 59. gr. laganna til að fjárfesta meira en 30% af eignum sjóðsins í fjárfestingarsjóðum.

Aðrar fjárfestingarheimildir 59. gr. laganna er sjóðnum ekki heimilt að nýta.

Sjóðnum er ekki heimilt að fjárfesta í afleiðum.

Sjóðurinn fjárfestir hvort tveggja í innlendum og erlendum fjárfestingarkostum, í samræmi við eftirfarandi töflu. Markmið við stýringu sjóðsins er að eignir hans samanstandi af a.m.k. 70% erlendum eignum.

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast að öðru leyti við fjárfestingarheimildir II. kafla laga nr. 128/2011.

Fjárfestingarviðmið sjóðsins er að á hverjum tíma sé 100% af eignum sjóðsins í erlendum eignum, ýmist beint eða í gegnum sjóði. Sjóðurinn getur, á grundvelli 2. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, fjárfest allt að 10% í hlutdeildarskíteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, sem fjárfesta í sérhæfðum fjárfestingum.

Hlutabréf og hlutabréfasjóðir	30-100%
▪ Verðbréfasjóðir sem fjárfesta í erlendum hlutabréfum	30-100%
▪ Fjárfestingasjóðir sem fjárfesta í erlendum hlutabréfum	30-100%
▪ Erlend hlutabréf, skráð	0-50%
▪ Kauphallarsjóðir, verðbréfasjóðir, sbr. 3.tl. 1.mgr. 30.gr Kauphallarsjóðir, aðrir sjóðir en verðbréfasjóðir sbr. 3.tl. 1.mgr. 30.gr	0-50% 0-20%
Innlán fjármálafyrirtækja, innlend og erlend	0-50%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta í innlánum og lausafjársjóðir, innlend og erlend	0-50%
Fjárfestingasjóðir sem fjárfesta í innlánum og lausafjársjóðir, innlend og erlend	0-50%
Verðbréfasjóðir sem fjárfesta í skráðum erlendum skuldabréfum ríkja og fyrirtækja og sjóðum sem fjárfesta í þeim	0-70%
Fjárfestingasjóðir sem fjárfesta í skráðum erlendum skuldabréfum ríkja og fyrirtækja og sjóðum sem fjárfesta í þeim	0-70%
Skráð erlend skuldabréf ríkja og fyrirtækja	0-10%
Aðrir fjármálagerningar en um er getið í framangreindum liðum	0-10%

### 3. gr. **Rekstrarfélag, vörlufyrirtæki og söluaðili sjóðsins.**

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011.

Vörlufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Stefni hf. er óheimilt að skipta um vörluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Auk verðbréfavörslu sinnir Arion banki ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista týmsum lögbundum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmati á slíkum eignum í samvinnu við bankann. Samkvæmt sömu lagaheimild viðheldur Arion banki skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörlu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Arion banki hf. annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög nr. 128/2011 og bókhaldslög. Bankinn sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal hann senda skýrslu til Seðlabanka Íslands og skýrslu til Fjármálaeftirlitsins reglulega í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Arion banka hf. ef efnið varðar þá þætti sem bankinn hefur tekið að sér samkvæmt samningnum.

Í lok hvers mánaðar sér Arion banki hf. um að greiða eignastýringar- og vörsluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðenda, skýrslur til utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdastjóra Stefnis hf. til umsagnar.

Arion banki hf. er söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Arion banki hf. annast markaðsetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum rekstrarfélagsins og viðkomandi aðila.

#### 4. gr.

##### **Póknunir.**

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 1% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 0,65% p.a.

Heildar umsýslubóknun þeirra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem sjóðurinn fjárfestir í skal að hámarki nema 2% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar þess sjóðs meðan hann er starfræktur.

Þóknun Arion banka hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun Stefnis hf.

Sölubóknun rennur til Arion banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölu- og innlausnarþóknun er að hámarki samtals 2%. Sölubóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 0,5%. Innlausnargjald er í dag 0%.

Beinn útagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrafélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfa-vísitöllum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírkostnaðar og annars slíks. Gjalfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,05% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjánlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

#### 5. gr.

##### **Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.**

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína. Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis sold gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því gengi sem gildir á þeim degi þegar fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru móttokin af sölu-aðila sjóðsins, svo lengi sem slík fyrirmæli eru gefin fyrir lokunartíma sjóðsins. Að öðrum kosti verða hlutdeildarskírteinin innleyst næsta virka dag og á gengi þess dags. Lokunartími sjóðsins er kl. 12:00. Uppgjör sjóðsins vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina er T+3, þ.e.a.s. það á sér stað þriðja virka dag eftir að fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru gerð.

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 128/2011 uppfyllt.

#### **6. gr.**

#### **Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.**

Afborganir, vextir og annar hagnaður af verðbréfaveign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

#### **7. gr.**

#### **Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.**

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna við-komandi deilda að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina. Um útreikning innlausnarvirðis og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi lagareglum á hverjum tíma.

#### **8. gr.**

#### **Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.**

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerninga sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórн rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit og/eða samruna sjóðsins skal tekin af Stefni hf. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bráfleidís ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans og skal sú dagsetning vera minnst þremur vikum eftir útsendingu tilkynningar.

Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkir samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Stefnir hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörlu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörlu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

Reykjavík, 14. janúar 2011,  
með breytingum gerðum 2. september 2011, 18. janúar 2012, 21. desember 2017 og 11.  
apríl 2018.

Hann Rudo (sdótt)  
Jóhann L. Þórður  
Guðrún Þórunn  
Ragnh. Þórh.